

Textílmennt 4. bekkur 2023-24

Kennarar: Ásta Vilhjálmsdóttir

4

Lýsing

Í allri vinnu í textílmennt er lögð áhersla á eigin sköpun, persónulegt handbragð og sjálfstæð vinnubrögð. Áhersla á að nemendur hugsi verkefnið frá upphafi til enda; hönnun og úrlausn. Nemendur kynnst efni og verkfærum og fræðast um textíl í daglegu lífi, fyrr og nú.

Kynning á námsgreininni og kennsluaðferðir

Í list- og verkgreinum þroska nemendur með sér sjálfstætt gildismat þar sem áhersla er lögð á að kynnst og njóta list og verkmenningar. Í skapandi starfi og lausnaleit getur nemandinn haft áhrif á umhverfi sitt og tekið þátt í að móta menninguna. Að nýta efnisheiminn áþreifanlega og milliliðalaust til þess að búa til hlut er uppspretta gleði og lífsfyllingar fyrir einstaklinginn.

Textílnám byggist á þekkingu á eðli efna og vinnuferla og ríki hefð nýtingar og endurnýtingar. Vart er hægt að hugsa sér daglegt líf án textíl- og vefnaðarvara. Heimili okkar og umhverfi er fullt af allskonar hlutum gerðum úr textíl, s.s. fatnaðurinn sem við klæðumst, handklæði, rúmföt, púðar, teppi, dúkar, gluggatjöld, listmunir og ótalmargt fleira. Í nútímasamfélagi verður æ brýnna að koma í veg fyrir mengun og sóun efna með endurnýtingu og endurvinnslu efnislegra gæða. Slíkum markmiðum verður ekki náð nema almenningur hafi þekkingu á efnum og eiginleikum þeirra og búi yfir færni sem þarf til að hagnýta sér þessa eiginleika.

Nú, á tímum neysluhyggju þegar flest allt er keypt tilbúið, miklu er hent og minna handverk gert á heimilum, er hlutverk textílmennar mikilvægt. Að læra vinnubrögð sem nýtast til að minnka neysluna og gera hlutina frekar sjálf; bæta, laga, nýta, breyta og endurskapa. Að þjálfa huga og hönd, að finna ánægjuna með eigin sköpun og valdeflinguna sem fylgir því að búa eitthvað sjálfur til sem skiptir máli. Að öðlast skilning á því að það þarf ekki alltaf að vera að flýta sér og að góðir hlutir taka tíma. Að upplifa flæðið og rónna sem felst í því að vinna með höndunum, nokkuð sem getur verið erfitt að upplifa í miklu áreiti neyslusamfélagsins.

Textílmennt er ríkur þáttur í íslenskri menningu. Íslenskur útsaumur, tóvinna, þrjón og vefnaður er meðal gersama íslenskrar listasögu, arfleifð sem þjóðin þarf að þekkja og meta sem viganesti til framtíðar.

Textílmennt er einnig ríkur þáttur í félagslegum veruleika þjóðarinnar. Með hannyrðum skapar fólk sér persónulegan stíl, setur svip á heimili sitt og nánasta umhverfi, gleður sig og sína nánustu með því að skapa hluti sem hafa persónulegt gildi. Með hannyrðum hefur þjóðin átt og mun eiga möguleika á að búa í haginn með því að búa til og gera við hluti til daglegra nota. Á tímum breytinga á þjóðlífi og efnahagsástandi er verkkunnátta á sviði hannyrða samfélagsleg auðlind og trygging ákveðinna lífsgæða fyrir einstaklinginn.

Kennsluaðferðir:

- umræður/tjáning
- verkleg kennsla
- sýnikennsla
- skapandi viðfangsefni

Kennarinn leggur inn verkefni, sýnir aðferðir og vinnubrögð og aðstoðar nemendur þegar þess er þörf. Rík áhersla er á að nemendur þjálfist í því að verða sjálfbjarga; vinni sjálfstætt, geri tilraunir og prófi sig áfram bæði í sköpun og aðferðum.

Námsáætlun

Í allri vinnu er lögð áhersla á eigin sköpun og persónulegt handbragð. Nemendur þjálfast í að klippa efni, þræða nál, sauma einföld spor, vefa, fingraprjóna o.fl. Áhersla lögð á nýtni og endurnýtingu. Nemendur kynnst verkfærum og fræðast um textíl í daglegu lífi, fyrr og nú.

Í upphafi hverrar lotu og samhliða vinnunni fá nemendur fræðslu um áhrif textílnaðarins og mikillar textílneslu á loftslagsbreytingar og taka þátt í samræðum um þau mál. Rætt er um þessi mál í samræmi við aldur og þroska hvers nemendahóps.

Viðfangsefni	Verkefni	Hæfniviðmið
Upphaf/umræða	Fyrsta kennslustundin er notuð til spjalls og umræðu um mikilvæga hluti; kynnst, upprifjun, til hvers er ætlast, hvernig vinnunni er hagað, rifja upp það sem við höfum nú þegar lært.	<ul style="list-style-type: none">sagt frá nokkrum tegundum textílefna,skilið mikilvægi þess að

	<ul style="list-style-type: none"> Hvað er textíll? tengsl textíls við okkar daglega líf. Skoðum miðana í fötunum ;hvaðan þau koma,ferðalag þeirra, úr hverju þau eru og hvað verður um þau þegar við hendum þeim. Af hverju eigum við svona mikið? 	<p>nýta alla hluti vel,</p> <ul style="list-style-type: none"> útskýrt á einfaldan hátt áhrif vinnu sinnar á umhverfið, tekið þátt í umræðum og tjáð sig um mikilvæg mál
Textílpýkk og vélsaumur Útinám - náttúra og upplifun	Farið út í náttúruna í nágrenni skólans. Trjágreinar, blóm, strá, greinar og annað tít, sem nýta má til þess að þrykkja og mála með. Penslar gerðir úr greinum og plöntum. Tilraunir gerðar og síðan málað og þrykkt á efni sem sniðið hefur verið í sessu. Sessa saumuð í saumvél sem notuð verður í heimastofu. Nemendur þjálfast í skapandi vinnubrögðum og vélsaumi.	<ul style="list-style-type: none"> umgengst umhverfið og náttúruna af virðingu, unnið listrænt úr eigin rannsóknum/tilraunum unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar, þjálfist í vélsaumi
Prjón:	Nemendur ákveða, hanna og teikna það sem þeir vilja prjóna. Þeir læra að fytja upp, prjóna garðapryjón og fella af. Útkoma að eigin vali; lítil figúra, símahulstur, eyrnaband eða annað sem nemendum dettur í hug. Nemendur þjálfast í grunnvinnubrögðum prjóns.	<ul style="list-style-type: none"> unnið eftir einföldum leiðbeiningum öðlist hæfni í undirstöðu prjóns
Endurnýting/saumur	Einföld sokkabréða: Nemendur koma með ónýta sokka af heiman sem þeir nota til að búa til einfalda sokkabréðu. Nemendur þjálfast í skapandi hugsun, vinnubrögðum og úrlausnum.	<ul style="list-style-type: none"> notað ný og endurunnin efni í textílvinnu hagnýtt þá leikni sem hann hefur öðlast í einföldum verkefnum,
Endurnýting (ef tími gefst til)	Heimili brúðunnar: Nemendur búa til bústað og aðra fygihluti fyrir brúðuna . Unnið úr umbúðardrasli og textílúrgangi. Þeir þjálfast í skapandi hugsun, vinnubrögðum og úrlausnum.	<ul style="list-style-type: none"> hagnýtt þá leikni sem hann hefur öðlast í einföldum verkefnum, unnið á skapandi hátt úr verðlausu efni
Samvinna/samþætting list og verkgreina	Nemendur í öllum lotum vinna sameiginlega að verkefni. Þeir fá verkefni til að flytja í leiklist og aðrar list og verkgreinar sjá um alla umgjörð, ss. búninga og leikmynd.	<ul style="list-style-type: none"> unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar, hagnýtt þá leikni sem hann hefur öðlast í einföldum verkefnum, unnið einföld verkefni í hópi,

Grunnþættir menntunar

Í textílmennt er unnið er með alla grunnþætti menntunar:

- Heilbrigði og velferð: Reynt að skapa ró og stuðla að jákvæðum og uppbyggjandi samskiptum við vinnuna. Við vinnu nemenda skapast oft gott flæði og kærkomin ró fyrir hugann.
- Nemendur eru hvattir til að vinna út frá eigin styrkleika og áhugasviði og einnig til að finna sjálfir lausnir. Þannig byggja þeir upp þrautseigju og seiglu og læra að vera sjálfbjarga.

Læsi:

- Nemendur læra og þjálfast í að nota orð og orðaforða sem tilheyrir faginu og er þeim yfirleitt framandi.

- Þjálfast í að lesa uppskriftir og leiðbeiningar af ýmsu tagi. Læsi á náttúru og umhverfi.

Jafnrétti:

- Við fögnum margbreytileikanum og allir hafa sama rétt í skólanum.
- Nemendur hvattir til að hlusta og taka fordómalaust tillit til skoðana annarra.

Lýðræði og mannréttindi:

- Í öllum verkefnum er boðið upp á val á útfærslu eftir áhuga nemenda og bera því nemendur ábyrgð með kennara.
- Fjallað og rætt um lýðræði og mannréttindi í tengslum við textíliðnað, aðbúnað fólksins sem vinnur við hann, loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á mannréttindi. Rætt er um þessi mál í samræmi við aldur og þroska hvers nemendahóps.

Sjálfbærni:

- Nýtni er höfð að leiðarljósi í allri vinnu í textílmennt og gamlar flíkur og textill notað í eitthvað nýtt.
- Nemendur læra um mikilvægi þess að nýta allan efnivið á ábyrgan hátt.

Sköpun:

- Nemendur skapa og útfæra eigin verkefni í teikningu og vinnu.
- Þeir nota eigið ímyndunarafli, hugmyndir og útsjónasemi við hönnun og útfærslu. T.d. við að skapa eitthvað úr verðlausum efnivið.
- Nemendur fá tækifæri til að sýna og nýta hæfileika sína á fjölbreyttan hátt.

Námsmat

Nám í textílmennt miðast að því að nemendur öðlist færni til að bjarga sér betur í dagsdaglegu lífi. Einnig að þeir öðlist getu til að hafa ánægju og not af eigin handverki og sköpun. Lykilhæfni er því mikilvæg og kennsla miðast að hjálfun í þeim þáttum. Hæfni til að hafa skoðanir og ábyrgð á eigin sköpun og vinnu. Halda sig við eigin ákvarðanir og reyna að leysa sem mest sjálfur og nýta til þess eigin þekkingu og leikni í bland við leiðsögn kennara. Vinna sjálfstætt og í samvinnu, hjálpast að og sýna frumkvæði. Kennslan miðast að því að efla þessa þætti þannig að nemendur öðlist trú á eigin getu.

Að öðru leyti byggist námsmatid á:

- Hæfniviðmiðum
- Símati. Þannig hafa nemendur tækifæri til að bæta sig alla lotuna
- Vinnusemi, frágangur og framkoma hefur áhrif
- Námsmatid birtist á Mentor í lotulok

Hlutverk og vinnulag nemandans

Samskipti nemenda og kennara eiga að einkennast af virðingu og tillitssemi. Nemendur bera ábyrgð á framkomu sinni og hegðun í skólanum. Af hálfu nemenda felst það meðal annars í því að mæta stundvíslega í tíma, hafa slökkt á farsímum og virða tíma kennara.

Nauðsynlegt er að nemendur fylgist vel með innlögnum og sýnikennslu. Eftir það reyna þeir að vinna sjálfstætt, hjálpast að eða biða þolinmóðir eftir aðstoð kennara.

Nemendur vinna einstaklingsbundið og skila verkefnum þegar þeim er lokið.

Hlutverk nemandans er að vinna eftir fyrirmælum, reyna að vinna sjálfstætt og hjálpast að. Við lærum líka af því að leiðbeina og hjálpa hvort öðru. Nemendur bera ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum.

Hlutverk kennarans er að leiða nemandann þannig að hann verði sjálfstæður í verki, öðlast færni í að leysa vandamál, hjálfi eigið fagurskyn og skynhreyfifærni. Hann skal vera vel undirbúinn og reyna að miðla þekkingu og kunnáttu til nemenda eftir bestu getu, leita nýrra leiða, afla sér nýrra þekkingar og reyna að læra og gera betur. Hann skal leggja áherslu á góða umgengni, jákvæð samskipti, sáttfýsi, umburðarlyndi og kurteisi.

Sel - Textílmennt 4. bekkur

- **Hæfni á námssviði**
- Unnið eftir fyrirmælum og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á.

Sel - Textílmennt 4. bekkur - Handverk, aðferðir og tækni

- Notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum.

Sel - Textílmennt 4. bekkur - Sköpun, hönnun og útfærsla

- Tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu.
- Skreytt textílvinnu á einfaldan hátt.

Sel - Textílmennt 4. bekkur - Menning og umhverfi

- Notað ný og endurunnin efni í textílvinnu.
- Sagt frá nokkrum tegundum textílefna.

Sel - Textílmennt 4. bekkur - Sjálfstæði og

samvinna

- Gert sér grein fyrir styrkleikum sínum.